

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. maí 2009
Tilvísun: UST20090500013/bs

Matsskylda - Skiðadalsvegur á milli Skáldalækjar og Brautarhóls. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 30. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða endurbyggingu tveggja kafla Skiðadalsvegar. Samtals eru vegarkaflarnir 6,5 km langir. Framkvæmdin er í jaðri Friðlandsins í Svarfaðardal og á mörkum grannsvæðis og fjarsvæðis við vatnsverndarsvæði Dalvíkurbyggðar á austurbakka Svarfaðardalsár. Í báðum tilfellum er núverandi vegur markalína umræddra verndarsvæða.

Vatnsvernd: Á bls. 17-18 í kynningarskýrslu er gerð grein fyrir þeim vinnubrögðum sem viðhöfð verða við framkvæmdir við grannsvæði vatnsbóls. Umhverfisstofnun telur fyrirhuguð vinnubrögð jákvæð, en auk þess mun framkvæmdaaðili hafa samráð við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra um frekari tilhögun framkvæmda.

Friðland: Í landi Sökku liggja austurmörk friðlandsins um núverandi veg. Framkvæmdin verður því innan friðlands sem nemur breikkun vegarins. Efnistaka er fyrirhuguð úr gamalli námu innan friðlands í landi Sökku. Fyrirhugað er að hætta efnistöku á umræddum stað að framkvæmd lokinni og gengið verður frá námunni. Efnistakan er heimil skv. gildandi reglum um friðlandið. Umhverfisstofnun bendir á að í 2. gr. auglýsingar um friðland í Svarfaðardal (Stj.tíð. B, nr. 443/1980) kemur fram að óheimilt er að gera nokkur mannvirki á svæðinu. Gildir þetta um hvers konar byggingar, skurði og vegi. Einnig kemur fram í auglýsingunni að til undanþágu frá reglum þessum að öðru leyti en getur í 2. og 3. gr. þarf leyfi Umhverfisstofnunar.


Efnistaka: Umhverfisstofnun telur umfjöllun um efnistöku í umræddri kynningarskýrslu ómarkvissa. Stofnunin telur að gera þurfi skýrari greinarmun á efnisþörf og þeirri efnistöku sem til álita getur komið samkvæmt 1. og 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Niðurstaða: Umhverfisstofnun telur að fyrirhugað verklag við framkvæmir við grannsvæði vatnsverndar auk samráðs við viðkomandi heilbrigðiseftirlit ætti að draga verulega úr hættu á mengun vegna fyrirhugaðrar vegagerðar. Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa óveruleg áhrif á helstu náttúruverndarhagsmuni en þeir eru helstir fuglalíf og gróðurfar við Svarfaðardalsá.

Að teknu tilliti til ofangreindra sjónarmiða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri